

GARÐABÆR
STÍGUR AÐ VÍFILSSTAÐAVATNI SUNNAN VÍFILSSTAÐA
FORHÖNNUN



GREINARGERÐ
MARS 2016

Reykjavík, 31.3.2016

Stígur að Vífilsstaðavatni neðan Vífilsstaða Greinargerð með forhönnunartillögu

Garðabær áformar að leggja stíg að Vífilsstaðavatni frá undirgöngum undir Reykjanesbraut meðfram Vatnsmýri, votlendinu við Vífilsstaðalæk/Hraunsholtslæk sunnan Vífilsstaða. Stígurinn tengist þannig stígakerfi Garðabæjar vestan undirganganna. Með stígunum myndast bein tenging við vinsælt útivistarsvæði í kringum Vífilsstaðavatn og er viðbót við útivistarslóða yfir hraunið sem liggur í átt að Vífilsstaðahlíð. Gert er ráð fyrir stígunum í aðalskipulagi Garðabæjar. Með því að leggja nýjan stíg meðfram Vatnsmýri verður umferð gangandi og hjólandi beint frá byggðinni við Vífilsstaði og frá umferðinni á Vífilsstaðavegi milli Vífilsstaða og golfvallar. Fyrstu hugmyndir miðuðu við að leggja stíginn alfarið í lagnarstæði vatnslagnar sem liggur um svæðið frá Elliðavatnsvegi. Við nánari athugun kom í ljós að í skurðstæðinu er enginn vísir að nothæfu burðarlagi. Lagnarsvæðið hefur gróið upp og samlagast umhverfinu. Því er engin sérstök ástæða til að elta skurðstæðið frekar en þurfa þykir.

Með bréfi þessu er framkvæmdin kynnt landeiganda og óskað heimildar hans til framkvæmdar.

Hönnunarforsendur.

Gert er ráð fyrir að stígurinn verði 3 metra breiður, malbikaður og lýstur með stíglýsingu (4-5 metra háir staurar með 30-40 metra millibili). Stígurinn verði hæðarsettur þannig að ekki þurfi að aka jarðvegi á brott. Uppgrafinn jarðvegur verði notur í fláa við stíginn. Eftir malbikun verður lögð þökurönd við báða jaðra malbiks og sáð grasfræði í fláana.

Tillaga að legu.

Lagt er til að stígurinn liggi meðfram (sunnan við) vatnslögninni á vestari helmingnum. Á austurhlutanum verður stígurinn látinn víkja frá legu vatnslagnarinnar og lagður sunnan við núverandi víðibelti og elti þannig nánast jaðar votlendisins. Hæðarsetja þarf stíginn þannig að verði 20-30 cm hærri en vatnsborð votlendis í hæstu stöðu.

Útsýnispallur og áningarstaður.

Á uppdrætti er sýnt hvar áhugavert væri að gera lítinn áningarstað með borðum og bekkjum í skjóli víðibeltisins. Áningarstaðurinn gæti verið hellulagt svæði, u.þ.b. 12-15 m². Einnig væri eftirsóknarvert að gera lítinn útsýnispall votlendismegin við stíginn með upplýsingaskilti um votlendisgróður og fuglategundir. Pallurinn gæti verið timburpallur byggður á staurum.

F.h. Garðabæjar
Þráinn Hauksson landslagsarkitekt
Landslag ehf